



Borgarráð

Tillögur um forvarnastarf og viðbúnað í tengslum við borgarhátíðir í sumar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagaðar tillögur samráðsnefndar um forvarnir, sem skipaður er fulltrúum fjögurra sviða Reykjavíkurborgar, um forvarnir í tengslum við hátíðir og viðburði í borginni í ár. Áætlaður kostnaður vegna tillagnanna er um 5.678.739 kr. Viðauki vegna þeirra verður lagður fram á næsta fundi borgarráðs.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 16. maí 2019 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði, velferðarsviði og íþróttá- og tómsfundasviði verði falið að gera tillögu um forvarnastarf og viðbúnað borgarinnar, m.a. í tengslum við borgarhátíðir, tónleikahald og aðra viðburði í borginni í sumar. Útfært verði samstarf við foreldra, grasrótarsamtök og lögreglu í tengslum við þessa viðburði. Útfærðri áætlun verði skilað til borgarráðs ásamt skilgreiningu ábyrgðaraðila og með kostnaðaráætlun vegna sumarsins 2019.

Samráðshópi um forvarnir var fyrir hönd sviðanna falið að útfæra ofangreindar tillögur og eru þær hjálagaðar. Í samráðshópnum sitja fulltrúar frá skóla- og frístundasviði, íþróttá- og tómsfundasviði, velferðarsviði og umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillögur um forvarnastarf og viðbúnað í tengslum við borgarhátíðir í sumar, dags. 19.6.2019

Reykjavík, 19.06.2019

Minnisblað

Viðtakandi: Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu
Sendandi: Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs-
þjónusumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness og formaður Samráðshóps um forvarnir.

Efni: Tillögur um forvarnastarf og viðbúnað í tengslum við borgarhátíðir í sumar

Forsaga: Erindi frá borgarráði

Samráðshópi um forvarnir var fyrir hönd velferðasviðs, skóla- og frístundasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs falið að gera tillögu um forvarnastarf og viðbúnað borgarinnar, m.a. í tengslum við borgarhátíðir, tónleikahald og aðra viðburði í borginni í sumar og útfæra samstarf við foreldra, grasrótarsamtök og lögreglu í tengslum við viðburði, ásamt útfærðri áætlun um aðgerðir, skilgreiningu ábyrgðaraðila og kostnaðaráætlun vegna forvarnastarfs sumarið 2019.

Í Samráðshópi um forvarnir sitja fulltrúar frá sviðum borgarinnar. Frá velferðasviði situr framkvæmdastjóri Miðgarðs - þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, sem leiðir hópinn, deildarstjóri almennrar ráðgjafar á skrifstofu velferðasviðs og verkefnastjóri frá Miðgarði - þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, sem er starfsmaður hópsins. Frá skóla- og frístundasviði kemur verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu og skólastjóri Hólabrekkuskóla. Fulltrúi íþróttá- og tómstundasviðs er framkvæmdastjóri Hins Hússins. Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs er skólastjóri Vinnuskólans.

Góður árangur í forvarnastarfi síðustu áratuga hefur meðal annars náðst með samstilltu starfi sveitarfélaga, stofnanna og hinna ýmsu félagasamtaka að ógleymdu foreldrasamstarfi og viðhorfsbreytingu foreldra. Þessir aðilar hafa náð að sameina krafta sína og unnið að sameiginlegum markmiðum. Nú eru teikn á lofti að áhættuhegðun unglunga sé aðeins að færast í aukana og utanumhald foreldra hafi slaknað. Mikilvægt er að standa vörð um verndandi þætti og mikilvægi foreldra í forvörnum og öflugu samstarfi.

Samstarfshópur um forvarnir hefur vitneskju um eftirfarandi viðburði í sumar og mun bregðast við þeim á eftirfarandi hátt:

- **Pann 10. júní stóð Sumargleðin fyrir balli fyrir unglunga í 8. – 10. bekk, sem haldið var í Hafnarfirði.**

Aðgerðir: Starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavík voru með leitarstarf.

Fjármagn: Búið er að fjármagna.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

- **Pann 17. júní stóð borgin fyrir Lýðveldishátíð til kl 17:00.**

Aðgerðir: Starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavík með leitarstarf.

Fjármagn: Búið er að fjármagna.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

- **Helgina 21.-23. júní var haldin Secret Solstice tónlistahátíð í Laugardalnum.**

Aðgerðir: Þar var starfandi Miðbæjarathvarf sem er samstarfsverkefni, Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu, velferðasviðs og skóla- og frístundasviðs.

Fjármagn: Búið er að fjármagna hlut velferðasvið en ekki er búið að fjármagna hlut SFS sem er skv áætlun kr. 1.351.811,-.

Ábyrgð: Velferðasvið og skóla- og frístundasvið.

- **Þann 27. júlí verður fjölskylduhátíð í Skerjafirði.**

Aðgerðir: Ekki er talin ástæða til aðgerða.

- **Sunnudaginn 28. júlí verðu hátíðin Kátt á Klambra haldin á Klambratúni en það er lokuð hátíð fyrir börn.**

Aðgerðir: Ekki er talin ástæða til aðgerða.

- **Verslunnamannahelgina 2.-4. ágúst verður hátíðin Innipúkinn á skemmtistöðum í Reykjavík.**

Aðgerðir: Ekki er talin ástæða til aðgerða.

- **Tvennir tónleikar verða á Laugardalsvelli þann 10. og 11. ágúst þegar Ed Sheeran kemur til landsins.**

Aðgerðir: Hópurinn telur þörf á Miðbæjarathvarfi bæði kvöldin en það liggur ekki fyrir á þessari stundu hvort lögreglan geti mannað starfsmann/starfsmenn í það verkefni.

Fjármagn: Ekki er búið að fjármagna það starf. Samstarf við lögreglu er forsenda fyrir að hægt sé að hafa Miðbæjarathvarf starfhæft.

Ábyrgð: Velferðasvið og skóla- og frístundasvið.

- **Þann 17. ágúst verður Reykjavík pride gangan í lok Hinsegin daga.**

Aðgerðir: Starfsmenn félagsmiðstöðva í Reykjavík verða með leitarstarf.

Fjármagn: Þegar er búið að fjármagna.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

- **Meningarnótt Reykjavíkurborgar verður þann 24. ágúst.** Viðburður fyrir unglinga sem illa gekk að halda utan um á síðasta ári verður með öðru sniði í ár. Gert er ráð fyrir að sá viðburður verði inni eða á öðrum stað í styttri tíma og fyrir að degi til.

Aðgerðir: Starfrækt verður Miðbæjarathvarf það kvöld eins og verið hefur síðustu áratugi.

Fjármagn: Fjármagn liggur fyrir.

Ábyrgð: Velferðasvið og skóla- og frístundasvið.

Fyrir utan fyrrgreinda viðburði og viðbrögð við þeim er þegar búið að skipuleggja ýmis konar forvarnastarf sem hér er tilgreint:

- **Aðgerðir: Félagsmiðstöðvar í Reykjavík verða allar með leitarstarf** tvisvar í viku fram í miðjan júlí.
Fjármagn: Fjármagn liggur fyrir.

- Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.
- Aðgerðir: **Félagsmiðstöðvar í Reykjavík bjóða upp á fjölbreytt starf í sumar fyrir 10 -16 ára börn og unglinga. Sjá nánar á www.fristund.is**
Fjármagn: Fjármagn liggur fyrir.
Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.
 - Aðgerð: **Vinnuskólinn er nú einnig með störf fyrir 8. bekk.**
Fjármagn: Fjármagn liggur fyrir.
Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.
 - Aðgerð: **Hitt Húsið verður með jafningjafraeðsla fyrir Vinnuskólahópa í sumar.**
Fjármagn: Fjármagn liggur.
Ábyrgð: Íþróttá- og tómstundasvið.
 - Aðgerð: **Samanhópurinn sem Reykjavíkurborg er aðili að sendir bréf í gegnum skóla og félagsmiðstöðvar til foreldra barna sem eru að útskrifast úr grunnskóla til að leggja áherslu á áframhaldandi ábyrgð foreldra á börnum sínum eftir grunnskóla.**
Fjármagn: Fjármagn liggur fyrir.
Ábyrgð: Samráðshópur um forvarnir.
 - Aðgerð: **Samanhópurinn verður með sérstaka áherslu á foreldraábyrgð í sumarstarfinu þetta árið.**
Fjármagn: Fjármagn liggur fyrir að einhverju leiti en hópurinn sótti of seint um styrk í Forvarnasjóð þetta árið og missti því af tækifærinu.

Samráðshópur um forvarnir leggur til að auka við það forvarnastarf sem þegar hefur verið skipulagt sem hér segir:

- Aðgerð: **Miðbæjarathvarf í hverfunum borgarinnar vegna hópasöfnunar.**
Gerð er tillaga að tveimur athvarfsvöktum í hverju hverfi með 2 starfsmönnum frá félagsmiðstöð og 2 starfsmönnum frá þjónustumiðstöð ásamt lögreglu á hverri vakt.
Fjármagn: Fjármagn vantar sem nemur launakostnaði starfsmanna Reykjavíkurborgar kr. 1.091.680,-
Ábyrgð: Velferðasvið og skóla- og frístundasvið.
- Aðgerð: **Miðbæjarathvarf vegna viðburða, þ.e. Secret Solstice og tónleika Ed Sheeran**
Fjármagn: Búið að fjármagna hlut velferðasviðs vegna Miðbæjarathvarfs á tónlistahátíðinni Secret Solstice. Eftir er að fjármagna hlut SFS sem er skv áætlun kr. 1.351.811,-.
Fjármagn: Miðað við að halda Miðbæjarathvarf bæði kvöldin í tengslum við tónleika Ed Sheeran má gera ráð fyrir launakostnaði upp á kr. 1.236.248,-
Ábyrgð: Velferðasvið og skóla- og frístundasvið.
- Aðgerð: **Styrkja Samanhópin til að geta lagt meira í kynningavinnu sína í sumar.**
Fjármagn: Í það vantar fjármagn, lagt er til að borgin styrki Samanhópin um kr. 500.000,-
- Aðgerð: **Að Reykjavíkurborg leiði sitt eigið kynningastarf með forvarnauglýsingum til foreldra og að borgin geri það sjálf.**
Fjármagn: Lagt er til að borgin leggi í það verkefni kr. 500.000,-

- Aðgerð: **Að Samráðshópur um forvarnir sendi bréf til foreldra** í gegnum mentor með heilræðum til foreldra barna á unglíngastígi.
Fjármagn: Fellur undir vinnu starfsmanna.
Ábyrgð: Samráðshópur um forvarnir.
- Aðgerð: **Að setja fjármagn til að styðja við foreldrafélögin** s.s. Samfok og Heimili og skóla til að virkja foreldra í forvarnavinnuna.
Fjármagn: Gerð er tillaga um að styrkja hvort félag um kr. 500.000.- til sérstakra verkefna er snúa að beinni forvarnavinnu með foreldrafélögunum

Áætlaður kostnaður vegna þessara verkefna og tillagna eru um kr. 5.678.739.-

Skilaboð til foreldra eru að foreldrar tali saman, leyfi ekki eftirlítslaus samkvæmi, virði lög um aldurstakmörk varðandi áfengi, sígarettur, rafrettur og útivistatíma, ásamt því að vera sjálfum sér samkvæmir varðandi aðhald og mörk í uppeldinu. Rannsóknir hafa sýnt að verndandi þættir í lífi barna og unglínga eru m.a. samverustundir fjölskyldunnar, að foreldrar fylgist með hvað börn þeirra eru að gera, hvar þau eru og með hverjum, þekki vini barna sinna og foreldra þeirra. Jafnframt er verndandi að börn og unglíngar séu í virkni s.s. skóla/vinnu og taki þátt í skipulögðu frístundastarfi. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér aldurstakmarkanir á hinum ýmsu viðburðum sem í vændum eru í sumar og virða þau mörk sem sett eru. Rauði þráðurinn í skilaboðum til foreldra eru að öflugasta forvörnin felist í samverustundum fjölskyldunnar.